

**Rannsóknir á seiðastofnum
á vatnasvæði Miðfjarðarár
árin 2003 og 2004**

**Bjarni Jónsson og
Eik Elfarsdóttir**

Skagafirði, mars 2005

VMST-N/0501

Inngangur og aðferðir

Rannsóknir fóru fram á seiðastofnum Miðfjarðararkerfisins haustn 2003 og 2004 með það að markmiði að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika, útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánum með rafveiðum. Sambærilegar rannsóknir hafa farið fram í kerfinu á hverju hausti í allmörg ár. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna á vatnasvæði Miðfjarðarár. Árið 2003 var veitt í lok september 2003 og 2004 dagana 21. – 25. október.

Rafveitt var á sömu stöðum á vatnasvæðinu og undanfarin ár. Árið 2003 var veitt á sjö stöðum í Vesturá, sex í Austurá, sjö í Núpsá og fjórum í Miðfjarðará. Einnig var veitt á einum stað bæði í Urriðaá og Steinstaðaá. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 280 – 520 m². Haustið 2004 var hinsvegar veitt á sex stöðum í Vesturá, fimm í Austurá, sex í Núpsá auk þriggja staða í Miðfjarðará sjálfri og einum stað í Urriðaá og Steinstaðaá. Stærð rafveiðistaða 2004 var 84 – 600 m². Stærð rafveiðistaða var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki var reiknaður út frá fjölda seiða í hverjum árgangi á hverjum stað þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (1-13 og 26-36).

Meðallengd og þyngd allra laxaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum athugunarstað (14-16 og 37-39). Fyrir bleikju- og urriðaseiði var meðallengd, þyngd og ástandsstuðlar reiknaðir fyrir hvern árgang í hverri á (17-22 og 40-45). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{(cm)}) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa,- bleikju- og urriðaseiða á hverjum athugunarstað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum stað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $lífþyngd \text{ á } 100m^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100m^2$ (23-25 og 46-48).

Gögn um veiði á vatnasvæði Miðfjarðarár árin 2003 og 2004 voru greind eftir ám, kyni, smálax/stórlax, eftir veiðitímabilum og því hve stórum hluta laxa var sleppt aftur í ána, en sá hluti fer vaxandi. Niðurstöður þeirra greininga eru sýndar í töflum 49-72 og myndum 31-54.

Niðurstöður rafveiða árin 2003 og 2004

Niðurstöður rafveiða 2003

Vesturá

Efsti rafveiðistaðurinn í Vesturá er nokkru neðan Rjúkanda (stöð 2, mynd 1). Þar veiddist mikið af vorgömlum laxaseiðum og töluvert af bæði eins og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Einnig fannst tveggja ára urriðaseiði (tafla 11, mynd 13).

Þrjú árgangar laxaseiða veiddust á stöð 4, neðan Hraunfossa, (mynd 1) vorgömul, eins- og tveggja ára. Mest veiddist af eins árs seiðunum en minnst af þeim vorgömlu (tafla 1, mynd 2a).

Neðan Guðnavörðuhyls (stöð 6, mynd 1) veiddust fjórir árgangar laxaseiða haustið 2003, vorgömul til þriggja ára (tafla 1, mynd 2a).

Á stöð 9 (mynd 1) veiddist töluvert af bæði vorgömlum og eins árs laxaseiðum auk þess sem nokkuð fannst af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Í rafveiðum 2002 fundust einnig þrjú árgangar laxaseiða á þessari stöð en þá voru þar þriggja ára seiði í vorgamalla 2003 (Eik Elfarsdóttir, Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0301).

Rafveiðistaður 10 er neðan Túnhyls (mynd 1), þar veiddist mikið af eins árs laxaseiðum en auk þeirra fundust einnig vorgömul og eins árs seiði en þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 1, mynd 2b).

Þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða var mikill á stöð 11 (mynd 1) en einnig fundust þar tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 2b).

Á neðstu stöðinni í Vesturá (stöð 12, mynd 1) veiddust eins og tveggja ára laxaseiði en í tiltölulega litlum þéttleika (tafla 1, mynd 2b). Mikið var af vorgömlum bleikjuseiðum á stöðinni auk þess sem eins árs seiði fundust (tafla 6, mynd 7).

Austurá

Fyrir ofan Valsfoss (staður 2, mynd 1) veiddist eitt þriggja ára laxaseiði af eldisuppruna (tafla 1, mynd 3a). Í rafveiðum 2002 veiddust laxaseiði úr sleppingu 2002 og 2000 (Eik Elfarsdóttir, Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0301).

Á stað 4 (mynd 1) fundust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul, eins,- tveggja- og fjögurra ára (tafla 2, mynd 3a). Töluvert var af vorgömlu og tveggja ára seiðunum en þéttleiki hinna árganganna var mun minni. Einnig varð vart við tveggja ára bleikjuseiði (tafla 7, mynd 8).

Rétt ofan brúar við Aðalból var veitt að venju (staður 5, mynd 1) og var þar nokkuð um vorgömul laxaseiði auk þess sem eins- og tveggja ára seiði veiddust (tafla 2, mynd 3a). Bleikjuseiði af tveimur árgöngum fundust á þessum stað, vorgömul og tveggja ára (tafla 7, mynd 8).

Rafveiðistaður 7 er ofan brúar við Skárastaði (mynd 1), þar varð vart við eins,- tveggja- og þriggja ára laxaseiði en í litlum þéttleika (tafla 2, mynd 3b). Einnig voru þar vorgömul bleikjuseiði (tafla 7, mynd 8).

Fjórir árgangar laxaseiða veiddust á stöð 9, eins árs til fjögurra ára, mest var af tveggja ára seiðunum (tafla 2, mynd 3b).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Austurá er rétt ofan ármóta hennar við Núpsá (staður 10, mynd 1). Á þessum stað veiddist töluvert af vorgömlum laxaseiðum auk þess sem eins- og tveggja ára seiði fundust (tafla 2, mynd 3b).

Núpsá

Neðan Efri Fosskotsfoss er efsti rafveiðistaðurinn í Núpsá (staður 5, mynd 1), þar veiddist eitt seiði í rafveiðunum 2003, eins árs urriðaseiði (tafla 12, mynd 14).

Á næsta stað fyrir neðan (stöð 7, mynd 1) veiddust tvö laxaseiði, fjögurra- og fimm ára (tafla 2, mynd 4a) en hvorki bleikju- né urriðaseiði.

Á stöð 8 veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára og var þéttleiki þriggja yngstu árganganna töluverður (tafla 3, mynd 4a). Í veiðunum 2002 fundust þarna fimm árgangar laxaseiða en þéttleiki þeirra var mun minni en 2003 (Eik Elfarsdóttir, Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0301).

Fjórir árgangar laxaseiða veiddust á stöð 11 í Núpsá og var mikið af vorgömlum og eins árs seiðum, töluvert af tveggja ára en frekar lítið af þeim þriggja ára (tafla 3, mynd 4a).

Á stöð 12 fundust vorgömul laxaseiði í miklum þéttleika, töluvert var af eins- og tveggja ára en minnst var af þriggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4a). Einnig varð vart vorgamalla bleikjuseiða (tafla 8, mynd 9).

Næst neðsti staður sem veitt var á í Núpsá er staður 13 (mynd 1), þar veiddust þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára, minnst var af vorgömlum seiðum en þéttleiki hinna árganganna var mjög svipaður (tafla 3, mynd 4b).

Á stöð 14 fundust fjórir árgangar laxaseiða vorgömul til þriggja ára, mest var af tveggja ára seiðunum en minnst af þeim vorgömlu (tafla 3, mynd 4b).

Miðfjarðará

Á móts við veiðihúsið (staður 1, mynd 1) varð vart við þrjá árganga laxaseiða, vorgömul til tveggja ára og var þéttleiki vorgömlu seiðanna mestur (tafla 4, mynd 5).

Stöð 2b er rétt neðan við ármót Miðfjarðará og Vesturár (mynd 1), þar veiddust vorgömul og eins árs laxaseiði (tafla 4, mynd 5). Einnig varð vart vorgamalla bleikjuseiða (tafla 9, mynd 10).

Við Grjóthyl er rafveiðistaður 3 og var þar töluvert af vorgömlum og eins árs laxaseiðum (tafla 4, mynd 5). Auk laxaseiðanna var nokkuð um vorgömul bleikjuseiði og þar reyndust eins árs bleikjuseiði (tafla 9, mynd 10).

Rafveitt var neðan Staðarbakka (staður 4, mynd 1) og veiddust tveir árgangar laxaseiða, vorgömul og eins árs, þéttleiki vorgömlu seiðanna var töluverður (tafla 4, mynd 5). Einnig var nokkur þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða á stöðinni (tafla 9, mynd 10).

Steinstaðaá

Engin laxaseiði veiddust á rafveiðistaðnum í Steinstaðaá 2003 en vart varð eins- og tveggja ára bleikjuseiða (tafla 10, mynd 11). Þrír árgangar urriðaseiða veiddust, vorgömul, eins- og þriggja ára (tafla 13, mynd 15).

Urriðaá

Í Urriðaá veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára, en þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 5, mynd 6). Nokkuð var um vorgömul bleikjuseiði auk eins árs bleikju- og urriðaseiða (töflur 10 og 13, myndir 12 og 16).

Niðurstöður rafveiða 2004

Vesturá

Á efstu stöðinni neðan Rjúkanda (stöð 2, mynd 1) veiddust eins og 2003 þrír árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára, í töluverðum þéttleika (tafla 26, mynd 17a).

Fyrir neðan Hraunfossa (stöð 4, mynd 1) fundust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul, eins-, tveggja- og þriggja ára en mest var af eins árs seiðunum (tafla 26, mynd 17a).

Á stöð 6, neðan Guðnavörðuhyls, veiddust aðeins eins- og tveggja ára laxaseiði 2004, en í töluverðum þéttleika (tafla 26, mynd 17a). Auk laxaseiðanna veiddust vorgömul urriðaseiði (tafla 35, mynd 28).

Neðal Orrustuhyls (stöð 8, mynd 1) fundust tveir árgangar laxaseiða, eins- og tveggja ára og var meira af þeim eins árs (tafla 26, mynd 17a). Hvorki veiddust bleikju- né urriðaseiði.

Þrír árgangar laxaseiða veiddust á stöð 11, vorgömul til tveggja ára og var mest af eins árs seiðum en þéttleiki vorgömlu seiðanna var lítill (tafla 26, mynd 17b). Einnig varð vorgamalla bleikjuseiða vart (tafla 31, mynd 23).

Neðsti staðurinn sem veitt var á í Vesturá var stöð 12, þar var mikill þéttleiki vorgamalla laxaseiða, töluvert um eins árs seiði og vottur af tveggja ára seiðum (tafla 26, mynd 17b). Í rafveiðunum 2003 fundust aðeins eins- og tveggja ára laxaseiði á þessari stöð og var þéttleiki þeirra lítill, auk þeirra veiddist nokkuð af bleikjuseiðum (töflur 1 og 6) en þeirra varð ekki vart 2004.

Austurá

Efsti staðurinn sem veitt var á í Austurá var staður 4, þar var töluverður þéttleiki eins- og tveggja ára laxaseiða en einnig veiddust þar þriggja ára seiði (tafla 27, mynd 18).

Ofan brúar við Aðalból (staður 5, mynd 1) veiddust þrír árgangar laxaseiða, eins-, tveggja- og þriggja ára en þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 27, mynd 18).

Á stað 7 sem er rétt ofan brúar við Skárastaði veiddust fimm árgangar laxaseiða, vorgömul til fjögurra ára. Mest veiddist af tveggja ára seiðum en minnst af fjögurra ára (tafla 27, mynd 18).

Tveir árgangar laxaseiða veiddust á stöð 9, eins- og tveggja ára (tafla 27, mynd 18), og var þéttleiki þeirra nokkuð meiri en 2003, þá veiddust fjórir árgangar laxaseiða á stöðinni en þéttleiki þeirra flestra var mjög lítill (tafla 2).

Á neðstu stöðinni í Austurá veiddust einnig tveir árgangar laxaseiða og var þéttleiki þeirra eins árs töluverður en einnig fannst nokkuð af tveggja ára seiðum (tafla 27, mynd 18).

Núpsá

Efsti staðurinn sem veitt var á í Núpsá er rétt neðan Efri Fosskotsfoss (staður 5, mynd 1). Þar var aðeins vart við fjögurra ára laxaseiði í veiðunum 2004 (tafla 28, mynd 19). Í rafveiðunum 2003 veiddist þarna enginn lax, aðeins eitt urriðaseiði (tafla 12).

Á stað 7 veiddust engin seiði í rafveiðunum 2004, en 2003 varð vart fjögurra og fimm ára laxaseiða þar (tafla 3) og 2002 fundust þar aðeins fjögurra ára laxaseiði (Eik Elfarsdóttir, Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0301).

Fjórir árgangar laxaseiða veiddust á stöð 8, mikið var af tveggja ára seiðum, töluvert af eins árs en þéttleiki vorgamalla og þriggja ára seiða var lítill (tafla 28, mynd 19).

Á stöð 11, var mikill þéttleiki eins- og tveggja ára laxaseiða en einnig varð vart við vorgömul seiði (tafla 28, mynd 19). Þéttleiki vorgamalla og eins árs seiða var mikill á stöðinni 2003 (tafla 3) og virðast þeir árgangar hafa skilað sér vel milli ára. Í rafveiðunum 2004 fundust auk laxaseiðana vorgömul bleikjuseiði (tafla 32, mynd 24).

Mikið veiddist af vorgömlum laxaseiðum á stöð 13 en einnig var þar nokkuð af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 28, mynd 19).

Rétt ofan ármóta Núpsár og Austurár er neðsta rafveiðistöðin í Núpsá, stöð 14 (mynd 1). Þar veiddust þrjú árgangar laxaseiða, mikið var af tveggja ára seiðum, töluvert af eins árs en minnst af vorgömlum seiðum (tafla 28, mynd 19). Þéttleiki á þessari stöð var mun meiri 2004 en 2003 (tafla 3). Á þessari stöð varð einnig vart tveggja ára bleikjuseiða við rafveiðarnar 2004 (tafla 32, mynd 24).

Miðfjarðará

Efsti staður sem veitt er á í Miðfjarðará er á móts við veiðihúsið (staður 1, mynd 1). Þar veiddust þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára (tafla 29, mynd 20).

Á stöð 2b fundust einnig þrjú árgangar laxaseiða, mikið var af eins árs seiðum, nokkuð af vorgömlum en minnst af tveggja ára seiðum (tafla 29, mynd 20). Mikið veiddist einnig af vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 33, mynd 25).

Fjórir árgangar laxaseiða veiddust á stöð 3, vorgömul til þriggja ára, og var þéttleiki þeirra töluverður (tafla 29, mynd 20). 2003 veiddust aðeins tveir árgangar laxaseiða þarna (tafla 4). Varð varð vorgamalla bleikjuseiða í rafveiðunum 2004 (tafla 33, mynd 25).

Steinstaðaá

Í Steinstaðaá veiddust þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára, (tafla 30, mynd 21). 2003 veiddust engin laxaseiði í ánni (tafla 5). Vorgömul og eins árs bleikjuseiði veiddust einnig auk tveggja ára urriðaseiða (töflur 34 og 36, myndir 26 og 29).

Urriðaá

Töluverður þéttleiki laxaseiða fannst í Urriðaá, Mest var af tveggja ára seiðum en einnig töluvert af vorgömlum, eins- og þriggja ára seiðum (tafla 30, mynd 22). Vottur veiddist

af eins árs bleikjuseiðum (tafla 34, mynd 27). Töluverður þéttleiki var af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum en einnig varð vart þriggja ára seiða (tafla 36, mynd 30).

Holdafar laxaseiða og lífþyngd eftir svæðum

Meðallengd og þyngd laxaseiða er nokkuð breytileg eftir stöðvum en á heildina litið virðast seiðin í Vesturá nokkuð minni en seiði í öðrum ám og Austurárseiðin með þeim stærstu hvort sem horft er á gögn frá 2003 eða 2004 (töflur 14, 15, 37 og 38). Ástandsstuðlar seiðanna (töflur 16 og 39) sem reiknaðir eru út frá lengd og þyngd þeirra voru vel yfir 1 í flestum tilfellum en stuðlar laxaseiða eru yfirleitt um eða yfir 1. Stuðlarnir voru þó ívið hærri hjá seiðum úr Núpsá en hinum ánum. Eftir því sem stuðlarnir eru hærri er holdafar seiðanna betra.

Vísitala lífþyngdar var einnig reiknuð og árið 2003 reyndist hún mest á stöðvum 8, 11 og 12 í Núpsá en þar var mikið af vorgömlum, eins- og tveggja ára seiðum (tafla 23). Árið 2004 var lífþyngd mest á 100m^2 á stöðvum 8 og 11 í Núpsá, stöð 4 í Austurá og í Urriðaá (tafla 46).

Umræður

Umræða um niðurstöður rafveiða

Vesturá

Ástand seiðastofna Vesturár hefur verið með besta móti síðustu ár. Ekki hefur veiðst eins mikið af vorgömlum laxaseiðum í ánni eins og veiddist sumrin 2003 og 2004, síðan 1988, en skipulega hefur verið fylgst með seiðastofnum á vatnasvæðinu síðan 1984 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, samantekt í vinnslu). Stærð árganga eins árs laxaseiða hefur verið yfir meðallagi síðustu 20 ára 2003 og 2004 en útkoman var slakari árin 1998-1999. Árgangar tveggja ára laxaseiða hafa verið undir meðaltali í áætluðum fjölda frá árinu 1996. Á síðustu árum var þó mest af tveggja ára seiðum sumarið 2002 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, samantekt í vinnslu). Þau seiði hafa að stærstu leiti gengið til sjávar vorið 2003 og skilað sér sem smálax í ána sumarið 2004. Sumarið 2004 var árgangur eins árs laxaseiða sterkur um alla Vesturá og tveggja ára seiði vel dreifð um ána.

Laxaseiðin reyndust mjög stór miðað við aldur bæði árin 2003 og 2004 og var holdafar þeirra mjög gott bæði árin.

Austurá

Í Austurá veiddist lítið af vorgömlum laxaseiðum sumarið 2004 en nokkru meira árið áður. Mjög miklar sveiflur hafa verið í þéttleika vorgamalla laxaseiða í Austurá á milli ára (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson samantekt í vinnslu) og eftir árhlutum. Ekki hefur hins vegar verið eins mikið af eins árs laxaseiðum í Austurá neðan Kambsfoss síðan 1994, eða í 10 ár og í efri hluta árinna síðan 1997 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, samantekt í vinnslu). Mjög lítið reyndist af tveggja ára laxaseiðum bæði fyrir neðan og ofan Kambsfoss árið 2003 en sá árgangur var í meðallagi stór í neðri hluta árinna sumarið 2004 en slakari ofan foss. Eins og mörg undanfarin ár voru árgangar laxaseiða mjög misdreifðir um Austurá árin 2003 og 2004. Ástand seiðanna var hins vegar mjög gott og þau stór eftir aldri og reyndar með þeim stærstu á vatnasvæðinu.

Núpsá

Styrkleiki árganga laxaseiða í Núpsá var með mesta móti sumarið 2004. Ekki hefur verið jafn mikið af vorgömlum laxaseiðum í ánni síðan 1988 og tveggja ára seiðum síðan 1995. Árgangur eins árs seiða reyndist einnig sterkari en árin 1998-2003 ef undanskilið er sumarið 2000 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, samantekt í vinnslu). Seiðastofnar Núpsár hafa því náð sér vel á strik á nýjan leik. Það vantar þó laxaseiði í efri hluta Núpsár en mjög lítið er af seiðum fyrir ofan neðri Fosskotsfoss, eða á svæðinu á milli fossa. Holdstuðull laxaseiða í Núpsá var hár bæði árin 2003 og 2004 og sömuleiðis var meðallengd seiða langt yfir meðallagi árinna 1984-2004 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, samantekt í vinnslu).

Miðfjarðará

Í Miðfjarðará reyndust árgangar vorgamalla og eins árs laxaseiða stærri sumarið 2004 en þeir hafa verið síðan árið 1997 og árgangur tveggja ára seiða hefur aðeins tvisvar mælst jafn stór í Miðfjarðará, eða árin 1989 og 2000 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, samantekt í vinnslu). Lítið veiddist hins vegar af tveggja ára laxaseiðum í Miðfjarðará

sumarið 2003. Stærð vorgamalla og eins árs seiða miðað við aldur hefur aldrei reynst eins mikil í mælingum í Miðfjarðará og haustin 2003 og 2004. Sömuleiðis hafa tveggja ára seiði verið stór miðað við aldur síðustu árin og stærst haustið 2003. Holdafar laxaseiða var mjög gott bæði árin 2003 og 2004.

Steinstaðaá og Urriðaá

Mjög misjafnt er hvað veiðist af náttúrulegum laxaseiðum í Steinstaðaá. Einungis tvisvar hafa veiðst þar vorgömul seiði, árið 1986 og svo sumarið 2004. Ekki veiddust laxaseiði í ánni sumarið 2003 en þrjú árgangar ári síðar. Það kann að skýrast af flutningi seiða á milli svæða og landnámi upp ána. Fjórum sinnum hafa veiðst náttúruleg vorgömul laxaseiði í Urriðaá, þar með talið bæði árin 2003 og 2004. Þar veiddust eins og tveggja ára seiði í nokkrum þéttleika sumarið 2004 en þessir aldurshópar höfðu verið þunnskipaðir í ánni í allnokkur ár (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, samantekt í vinnslu). Líkt og annarsstaðar í vatnakerfinu, voru laxaseiði í góðum holdum og stór miðað við aldur árin 2003 og 2004.

Almenn umræða

Á heildina litið er ástand seiðastofna á vatnasvæði Miðfjarðará með besta móti. Árgangar laxaseiða eru nokkuð vel dreifðir um vatnasvæðið ef frá eru taldir kaflar í Austurá og Núpsá ofan neðri Fosskotsfoss. Sömuleiðis hefur vöxtur seiða verið einstaklega góður síðustu ár og seiði væn miðað við stærð. Gott árferði síðustu misseri skiptir hér mestu máli. Aukin vöxtur seiða þýðir að ferskvatnsdvöl laxaseiða verður skemmri þar sem seiði ná gönguþroska fyrr en ella. Ennfremur felur slíkt í sér minni afföll seiða og burðargeta vatnakerfisins verður meiri til uppeldis seiða. Mikla aukningu í laxveiði sumarið 2004 samanborið við undanfarin ár má skýra með bættem heimtum laxa úr sjó og því að ástand seiðastofna á vatnasvæðinu hefur í heild verið gott síðustu ár og því forsendur fyrir bættem laxagöngum. Þannig hefur stór árgangur gönguseiða úr Vesturá sem fóru til sjávar vorið 2003 skilað sér vel í veiði í ánni. Mikilvægt er að fylgst sé vel með ástandi seiðastofna á vatnasvæði Miðfjarðará og brugðist við með viðeigandi hætti þegar þörf krefur til verndunar laxastofnum árkerfisins. Með ýmsum aðgerðum er hægt að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í Miðfjarðaránni sjálfri, svo sem

búsvæðagerð og viðhaldi árkvísla og hefur þegar verið gripið til aðgerða í því skyni. Í Austurá skortir oft á að hrygning og útbreiðsla laxaseiða sé nægjanlega jöfn um laxgenga hluta árinna ofan Kambsfoss og hefur verið brugðist við því undanfarin ár með seiðasleppingum af stofni Austurár og hrognagreftri. Einnig er þörf á að auðvelda landnám laxa á nýjan leik í efsta hluta Núpsár með því að flytja til seiði eða með hrognagreftri sem hefur víða gefist vel. Umfram allt þarf þó að tryggja nærgætna umgengni um þá mikilvægu auðlind sem fiskistofnarnir eru á vatnasvæði Miðfjarðarár.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vesturá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 2	450	9,11	5,78	2,67	
staður 4	442	0,23	2,04	1,13	
staður 6	420	1,43	2,86	1,90	0,24
staður 9	360	3,06	2,78	1,39	
staður 10	360	0,83	6,94	0,28	
staður 11	300	7,33	7,33	0,67	
staður 12	360		1,11	1,11	

Tafla 2: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Austurá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur					
		0+	1+	2+	3+	4+	3+ss
staður 2	360						0,28
staður 4	360	3,61	0,28	2,50		0,56	
staður 5	520	2,31	0,19	0,58			
staður 7	504		0,20	0,20	0,20		
staður 9	480		0,21	1,25	0,21	0,21	
staður 10	364	3,02	0,82	0,27			

Tafla 3: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Núpsá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur					
		0+	1+	2+	3+	4+	5+
staður 5	400						
staður 7	400					0,25	0,25
staður 8	350	4,57	5,14	3,43	0,86		
staður 11	312	8,33	9,94	5,13	0,64		
staður 12	350	11,14	4,00	4,29	0,29		
staður 13	490	0,20	2,45	2,04			
staður 14	450	0,22	1,11	2,67	0,44		

Tafla 4: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Miðfjarðará í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 1	350	1,43	0,57	0,29	
staður 2b	500	1,80	1,20		
staður 3	350	2,29	3,43		
staður 4	300	4,00	2,00		

Tafla 5: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Steinstaðaá og Urriðaá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Steinstaðaá	300				
Urriðaá	280	0,36	0,36	0,71	0,71

Tafla 6: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vesturá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 2	450				
staður 4	442				
staður 6	420				
staður 9	360				
staður 10	360				
staður 11	300				
staður 12	360	5,56	0,28		

Tafla 7: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Austurá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 2	360				
staður 4	360			0,28	
staður 5	520	0,58		0,38	
staður 7	504	0,79			
staður 9	480				
staður 10	364				

Tafla 8: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Núpsá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 5	400				
staður 7	400				
staður 8	350				
staður 11	312				
staður 12	350	0,29			
staður 13	490				
staður 14	450				

Tafla 9: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Miðfjarðará í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 1	350				
staður 2b	500	0,40			
staður 3	350	2,00	0,57		
staður 4	300	3,67			

Tafla 10: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Steinstaðaá og Urriðaá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Steinstaðaá	300		0,67	0,33	
Urriðaá	280	2,86	0,36		

Tafla 11: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vesturá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 2	450			0,22	
staður 4	442				
staður 6	420				
staður 9	360				
staður 10	360				
staður 11	300				
staður 12	360				

Tafla 12: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Núpsá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 5	400		0,25		
staður 7	400				
staður 8	350				
staður 11	312				
staður 12	350				
staður 13	490				
staður 14	450				

Tafla 13: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Steinstaðaá og Urriðaá í september 2003.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Steinstaðaá	300	1,33	0,33		0,33
Urriðaá	280		0,71		

Tafla 14: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hlíðarám hennar haustið 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðisíðdum.

Staður nr.	0+		1+		2+		3+		4+		5+/3+ss*	
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída
Vesturá 2	4,44	0,39	41	7,40	0,60	26	10,52	0,68	12			
Vesturá 4	6,10		1	7,04	0,44	9	9,72	0,76	5			
Vesturá 6	4,88	0,37	6	7,73	0,52	12	10,86	0,74	8	12,10	1	
Vesturá 9	5,20	0,41	11	7,72	0,88	10	10,80	0,73	5			
Vesturá 10	4,93	0,64	3	7,74	0,69	25	11,50		1			
Vesturá 11	4,67	0,47	22	7,57	0,70	22	10,30		2			
Vesturá 12				8,38	0,38	4	10,30	0,08	4			
Núpsá 5												
Núpsá 7										16,10	1	18,6
Núpsá 8	5,60	0,30	16	8,79	0,39	16	10,50	0,86	12	12,83	0,42	3
Núpsá 11	5,13	0,30	26	8,15	0,64	31	10,89	0,69	16	12,70		2
Núpsá 12	5,26	0,36	39	8,63	0,43	14	10,50	0,80	15	14,00		1
Núpsá 13	5,60		1	8,36	0,68	12	10,26	0,42	10			
Núpsá 14	6,10		1	8,74	0,47	5	10,82	1,09	12	12,90		2
Austurá 2												14,20*
Austurá 4	5,22	0,77	13	9,00		1	10,84	0,91	9	14,80		2
Austurá 5	5,46	0,40	12	8,60		1	10,83	1,38	3			
Austurá 7				8,90		1	10,60		1	13,60		1
Austurá 9				9,30		1	10,20	0,47	6	13,80		1
Austurá 10	5,44	0,24	11	8,93	0,42	3	9,50		1	14,60		
Steinsstaðá												
Urriðá	6,30		1	6,70		1	11,15		2	12,80		2
Miðfj.á 1	5,96	0,11	5	7,85		2	11,70		1			
Miðfj.á 2b	5,86	0,18	9	8,93	0,45	6						
Miðfj.á 3	5,76	0,14	8	9,13	0,73	12						
Miðfj.á 4	5,57	0,20	12	8,63	0,16	6						
Allar stöðvar	5,15	0,59	238	8,09	0,84	222	10,60	0,80	125	12,98	0,57	13
										15,08	0,71	4

Tafla 15: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarárám hennar haustið 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+			5+/3+ss*		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik seída	Fjöldi seída
Vesturá 2	1,02	0,28	41	4,71	1,10	26	13,31	2,58	12									
Vesturá 4	2,40		1	3,89	0,75	9	9,52	2,22	5									
Vesturá 6	1,35	0,29	6	5,03	0,93	12	13,69	2,62	8			17,10						1
Vesturá 9	1,65	0,39	11	5,20	1,69	10	14,98	2,81	5									
Vesturá 10	1,43	0,55	3	5,43	1,75	25	19,40		1									
Vesturá 11	1,16	0,39	22	4,83	1,30	22	11,85		2									
Vesturá 12				6,43	0,46	4	11,00	0,83	4									
Núpsá 5																		
Núpsá 7													49,00		1	80,20		1
Núpsá 8	2,25	0,35	16	8,38	1,25	16	13,88	3,59	12			24,63	3,58	3				
Núpsá 11	1,69	0,31	26	6,41	1,66	31	15,21	2,80	16			24,50		2				
Núpsá 12	1,74	0,32	39	8,29	1,26	14	13,61	2,80	15			29,50		1				
Núpsá 13	2,20		1	6,62	2,08	12	12,32	1,85	10									
Núpsá 14	2,60		1	7,48	1,40	5	14,09	4,65	12			25,35		2				
Austurá 2																		
Austurá 4	1,67	0,65	13	9,00		1	15,70	5,21	9									
Austurá 5	1,93	0,49	12	6,70		1	15,33	7,10	3									
Austurá 7				7,70		1	13,50		1			27,00		1				
Austurá 9				9,00		1	12,03	1,19	6			29,80		1				
Austurá 10	1,75	0,16	11	7,47	1,10	3	9,30		1									
Steinsstaðá																		
Urríðaá	2,50		1	3,00		1	14,55		2			21,80		2				
Miðfj.á 1	2,90	0,57	5	5,70	3,11	2	17,90		1									
Miðfj.á 2b	2,02	0,19	9	7,60	1,29	6			6									
Miðfj.á 3	1,99	0,15	8	8,23	2,44	11			11									
Miðfj.á 4	1,83	0,17	12	6,68	0,40	6			6									
Allar stöðvar	1,64	0,54	238	6,19	2,03	221	13,72	3,46	125	24,66	4,05	13	40,50	5,70	4			

Tafla 16: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+		1+		2+		3+		4+		5+/3+ss*		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik seiða	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik seiða	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik seiða	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik seiða	Fjöldi seiða	
Vesturá 2	1,14	0,11	41	1,14	0,04	26	1,13	0,06	12				
Vesturá 4	1,06		1	1,10	0,04	9	1,02	0,04	5				
Vesturá 6	1,15	0,05	6	1,08	0,06	12	1,06	0,04	8	0,97	1		
Vesturá 9	1,15	0,06	11	1,09	0,05	10	1,18	0,08	5				
Vesturá 10	1,14	0,06	3	1,14	0,09	25	1,28		1				
Vesturá 11	1,11	0,08	22	1,09	0,04	22	1,08		2				
Vesturá 12				1,10	0,10	4	1,01	0,06	4				
Núpsá 5													
Núpsá 7										1,17	1	1,25	
Núpsá 8	1,27	0,09	16	1,22	0,06	18	1,17	0,06	12	1,16	0,09	3	
Núpsá 11	1,24	0,06	26	1,16	0,06	31	1,17	0,06	16	1,20		2	
Núpsá 12	1,18	0,06	39	1,29	0,13	14	1,17	0,11	15	1,08		1	
Núpsá 13	1,25		1	1,11	0,22	12	1,14	0,10	10				
Núpsá 14	1,15		1	1,11	0,06	5	1,08	0,10	12	1,17		2	
Austurá 2												1,32*	
Austurá 4	1,10	0,10	13	1,23		1	1,19	0,11	9	1,17	2		
Austurá 5	1,16	0,14	12	1,05		1	1,15	0,07	3				
Austurá 7				1,09		1	1,13		1	1,07	1		
Austurá 9				1,12		1	1,13	0,08	6	1,13	1	1,20	
Austurá 10	1,09	0,07	11	1,04	0,00	3	1,08		1				
Steinsstaðá													
Urriðá	1,00		1	1,00		1	1,03		2	1,04		2	
Miðfj.á 1	1,36	0,21	5	1,12	0,06	2	1,12		1				
Miðfj.á 2b	1,01	0,09	9	1,06	0,02	6							
Miðfj.á 3	1,04	0,03	8	1,07	0,04	11							
Miðfj.á 4	1,06	0,06	12	1,04	0,01	6							
Allar stöðvar	1,15	0,11	238	1,13	0,10	221	1,13	0,09	125	1,12	0,10	13	1,18
										0,06		4	

Tafla 17: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarár hennar haustið 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	6,46	0,53	20	10,20		1			
Núpsá	7,10		1						
Austurá	6,11	0,54	7				12,77	0,06	3
Steinstaðá				8,05		2	13,30		1
Urriðá	6,33	0,63	8	11,00		1			
Miðfjarðará	6,60	0,15	20	8,50		2			
Allar stöðvar	6,46	0,47	56	9,05	1,25	6	12,90	0,27	4

Tafla 18: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarár hennar haustið 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	2,27	0,57	20	8,30		1			
Núpsá	3,60		1						
Austurá	2,19	0,63	7				21,77	0,93	3
Steinstaðá				5,10		2	22,70		1
Urriðá	2,43	0,68	8	13,80		1			
Miðfjarðará	2,86	0,23	20	5,80		2			
Allar stöðvar	2,51	0,58	56	7,32	3,40	6	22,00	0,89	4

Tafla 19: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarár hennar haustið 2002 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	0,83	0,08	20	0,78		1			
Núpsá	1,01		1						
Austurá	0,93	0,09	7				1,05	0,03	3
Steinstaðá				0,97		2	0,96		1
Urriðá	0,95	0,11	8	1,04		1			
Miðfjarðará	0,99	0,04	20	0,94		2			
Allar stöðvar	0,92	0,10	56	0,94	0,09	6	1,03	0,05	4

Tafla 20: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá							12,90		1			
Núpsá			1	7,10								
Austurá												
Steinstaðá	5,93	0,52	4	7,70						14,90		1
Urriðá			2	7,90								
Miðfjarðará												
Allar stöðvar	5,93	0,52	4	7,65	0,83	4	12,90		1	14,90		1

Tafla 21: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

